

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 1999/58/EB

frá 7. júní 1999

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 79/533/EBE varðandi tengibúnað og bakskiptingu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB⁽²⁾, einkum 11. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 79/533/EBE frá 17. maí 1979 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tengibúnað og bakskiptingu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/54/EB, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í því skyni að auka öryggi er nauðsynlegt nú að skýra nánar kröfurnar varðandi tengibúnaðinn.
- 2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækni-framförum sem komið var á fót með 12. gr. tilskipunar 74/150/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 3. lið í I. viðauka við tilskipun 79/533/EBE:

1. í stað fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Búnaðurinn skal vera af tengigaffalgerð. Opið í miðju láspinnans skal vera 60 mm + 0,5/-1,5 mm og dýpt gaffalsins, mæld frá miðju pinnans, skal vera 62 mm ± 0,5 mm.“;

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 84, 28.3.1974, bls. 10.⁽²⁾ Stjútíð. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24.⁽³⁾ Stjútíð. EB L 145, 13.6.1979, bls. 20.

2. skýringarmyndin falli brott.

2. gr.

1. Frá 1. júlí 2000 er aðildarríkjunum óheimilt:

— að synja um EB-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar, eða

— að banna að dráttarvélar séu teknar í notkun,

ef dráttarvélar, sem um ræðir, eru í samræmi við kröfurnar í tilskipun 79/533/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá 1. janúar 2001 skulu aðildarríkin:

— ekki lengur gefa út skjalið, sem kveðið er á um í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE, fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfurnar í tilskipun 79/533/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun,

— er aðildarríkjunum heimilt að synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfurnar í tilskipun 79/533/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2000. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. júní 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.
